



## Ályktun frá stjórn BSRB

**Reykjavík 19. mars 2010**

Verkfallsréttur launafólks eru grundvallarréttindi og inngrip stjórnvalda með lagasetningu ólýðræðisleg valdbeiting. Verkfallsrétturinn er eitt mikilvægasta tækið sem verkalyðsfélög eiga til að bæta og standa vörð um kjör sín og réttindi. Það kostaði mikla baráttu hjá verkalyðshreyfingunni að fá þennan rétt viðurkenndan og fékk BSRB ekki verkfallsrétt fyrr en árið 1976 og aðildarfélög bandalagsins um áratug síðar. BSRB lítur það því mjög alvarlegum augum að stjórnvöld skuli hafa haft uppi hótanir um að brjóta þessi grundvallarréttindi launafólks.

Lagasetning á löglega boðað verkfall er brot á samþykktum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem Ísland hefur fullgilt.

Stjórn BSRB mótmælir harðlega inngripi stjórnvalda í vinnudeilu Félags íslenskra flugumferðarstjóra við Flugstöðir ohf og Keflavíkurflugvöll ohf. Það að hóta setningu bráðabirgðalaga á verkfallsaðgerðir félagsins hafði bein áhrif á viðræður aðila og kom í veg fyrir eðlilega lausn kjaradeilunnar.